

Ungmennasambandið Úlfljótur



79. Ársþing USÚ

haldið í Þórbergssetri á Hala í
Suðursveit 29. mars 2012

Stjórn USÚ 2011

Matthildur Ásmundardóttir, formaður
Ólöf Þórhalla Magnúsdóttir, ritari
Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri

Aðildarfélög USÚ

Ungmennafélagið Sindri

Formaður: Ásgrímur Ingólfsson

- badmintondeild
- blakdeild
- fimleikadeild
- frjálsíþróttadeild
- knattspyrnudeild
- kraftlyftingadeild
- körfuboltadeild
- skíðadeild
- sunddeild

Ungmennafélagið Máni

Formaður: Sigurður Óskar Jónsson

Hestamannafélagið Hornfirðingur

Formaður: Bryndís Hólmarsdóttir

Golfklúbbur Hornafjarðar

Formaður: Gísli Páll Björnsson

Ungmennafélag Öræfa

Formaður: Sigrún Sigurgeirsdóttir

Skotfélag A-Skaft.

Formaður: Ingólfur Guðni Einarsson

Akstursíþróttafélag A-Skaft.

Formaður: Sævar Knútur Hannesson

Dagskrá 79. ársþings USÚ

1. Þingsetning.
2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
3. Kosning þingforseta.
4. Kosning þingritara.
5. Álit kjörbréfanefndar.
6. Kosnar nefndir er þingið samþykkir að kjósa skuli til starfa á þinginu til að fjalla um þær tillögur og málefni sem til þeirra er vísað, þ.á.m. kjörnefnd er gerir tillögur um stjórn og aðra trúnaðarmenn er starfa milli ársþinga.
7. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
8. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til samþykktar.
9. Umræður um skýrslu stjórnar.
10. Ávörp gesta.
11. Lagðar fram og teknar til umræðu tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.
12. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnar.
13. Tillögur og nefndarálit tekin til afgreiðslu.
14. Önnur mál.
15. Kosning. Álit kjörnefndar.
 - a. Kosning tveggja skoðunarmanna.
16. Fundargerð þingsins borin upp til samþykktar.
17. Þingslit.

Skýrsla stjórnar USÚ 2011

Starfsemi ungmennasambandsins hefur verið með hefðbundnum hætti árið 2011. Kosin var ný stjórn í apríl og komu tveir nýir inn í stjórn. Þá tók ég við formannshlutverkinu og Sigurður Óskar tók við gjaldkerastarfinu. Fyrsta verkefni okkar var að sækja um Unglingalandsmót 2013 og 2014 og fór ég ásamt Hjalta Þór bæjarstjóra og Valdemar til Reykjavíkur á fund stjórnar UMFÍ til að fylgja umsókninni eftir. Við fengum síðan þær gleðifréttir á Unglingalandsmótinu á Egilsstöðum að USÚ hefði fengið mótið árið 2013. Segja má að það hafi komið nokkuð á óvart hjá stjórnarmönnum en afar ánægjulegt að okkur sé treyst fyrir þessu móti í annað sinn en líkt og flestir vita þá héldum við einstaklega vel lukkað mót árið 2007. Undirbúningur er þegar hafinn fyrir Unglingalandsmótið en formleg nefnd verður stofnuð á næstu vikum. Nú þegar hefur verið fundað með starfsmanni Unglingalandsmóta, Ómari Braga Stefánssyni og formanni UMFÍ, Helgu Guðrúnu Guðjónsdóttur hér á Höfn og eru allir fullir tilhlökkunar að fá að takast á við þetta verkefni. Fyrstu framkvæmdir fara af stað í sumar en við erum nokkuð vel sett með aðstöðu. Það helsta sem þarf að gera er að laga tjaldstæði, setja upp strandblakvöll og mótocrossbrautina þarf að gera keppnishæfa.

Á árinu 2011 voru haldnir 5 stjórnarfundir eftir að ný stjórn tók við keflinu. Stjórnarmenn sáu sér ekki fært að sækja vorfund UMFÍ á Ísafirði en Sigurður Óskar og Björn Ármann Jónssynir sóttu sambandsþing UMFÍ á Akureyri í október en þar var Matthildur formaður kosin í varastjórn UMFÍ. Ný stjórn USÚ hefur verið að slípast til og læra inn á störf ungmennasambandsins.

Íþróttamaður USÚ árið 2011 var valinn og útnefndur á 17. júní líkt og undanfarin ár. Í þetta skiptið var Sveinbjörg Zophoníasdóttir kjörin. Einnig voru veitt þrenn hvatningarverðlaun árið 2011 og þau hlutu Skíðadeild Sindra, Ásdís Pálsdóttir fyrir góðan árangur í sundi og Alex Freyr Hilmarsson fyrir góðan árangur í knattspyrnu. Nú hafa Sveinbjörg og Alex ákveðið að reyna fyrir sér á öðru landshorni. Sveinbjörg skipti yfir í FH sem er með eina fremstu frjálsíþróttadeild landsins og Alex gekk til liðs við knattspyrnulið Grindavíkur. Það verður spennandi að fylgjast með þeim á næstu misserum og óskum við þeim velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Verkefnið Fjölskyldan á fjallið gekk ekki nógu vel á árinu en ákveðið var að skipta um fjall og setja gestabók inn í Haukafelli. Það komst því miður ekki í verk og því hvíldi gestabókin áfram á Ketillaugarfjalli. Nú er stefnt að því að koma þessu verkefni í rétt far. Búið er að taka ákvörðun um að halda báðum fjöllum inni í þessu verkefni, þ.e. Ketillaugarfjalli og Haukafelli og munum við skipuleggja gönguferðir þangað á næstu vikum til að koma gestabókunum fyrir. USÚ ákvað síðan að fara í samstarf við Ferðafélag Austur-Skaftafellssýslu og eru félögin að vinna saman að því að koma upp merkingum og gestabókum á „Leiðina fyrir Horn“ og við „Leiðina upp

Almannaskarð“. Nú er unnið að því að safna styrkjum til að framkvæma verkefnið. Stefnt er að því að koma slíkum merkingum fyrir víða í framtíðinni.

Unglingalandsmótið fór fram á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina 2011. USÚ sendi stóran hóp keppenda sem stóðu sig allir með þryði. Veðrið lék við keppendur og var almenn ánægja með mótið. Næsta Unglingalandsmót verður haldið á Selfossi og verður vonandi góð þátttaka frá USÚ þar.

Næstu misseri verða viðburðarík hjá USÚ en árið 2012 er afmælisár félagsins en við eigum 80 ára afmæli. Félagið var stofnað 28.maí 1932. Við stefnum á að gera afmælinu góð skil og munum við halda upp á það í haust. Á afmælisárinu mun einnig líta dagsins ljós ný heimasíða sem er nú í smíðum, stefnum við að því að opna síðuna formlega á afmælishátíðinni. Verkefni þessa þings verður meðal annars að skipa afmælisnefnd sem er ætlað að skipuleggja afmælisárið. Mikill tími mun einnig fara í undirbúning Unglingalandsmótsins 2013 en sú vinna er að fara í fullan gang. Vorfundur UMFÍ verður haldinn á Selfossi 5.maí og munum við senda fulltrúa þangað.

Í lokin langar mig að minna á Fræðslu og verkefnasjóð hjá UMFÍ en þar er hægt að sækja um styrki til ýmissa verkefna. Úthlutað er úr sjóðnum tvisvar á ári og hvet ég ykkur til að kynna ykkur hann.

Skýrsla Styrktar- og afrekssjóðs USÚ

Þrír styrkir voru veittir úr Styrktar- og afrekssjóði á árinu 2011.

Guðrún Ingólfssdóttir hlaut styrk til að greiða fyrir ferðalög vegna keppnisferða Sveinbjargar en Guðrún var þjálfari hennar og FRÍ hefur ekki greitt að fullu fyrir ferðalög þjálfara keppenda sinna.

Einar Ásgeir Ásgeirsson hlaut styrk til keppnis- og æfingaferða í frjálsum íþróttum.

Felix Þór Gíslason hlaut styrk til að fjármagna keppnisferð með U-17 landsliði Íslands í blaki.

Ársreikningur USÚ 2011

Rekstrartekjur	
Lottó	3.046.718
Styrkir	225.086
Rekstrartekjur alls	3.271.804

Rekstrargjöld	
Til aðildarféлага	2.033.945
Auglýsingar og heimasíða	10.787
Verðlaun	28.800
Ferða- og fundakostnaður	139.035
Skrifstofa	100.000
Styrkir	725.086
Annað	8.695
Rekstrargjöld alls	3.046.348

Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði	225.456
----------------------------------	---------

Fjármagnsliðir	
Vaxtatekjur	5.376
Fjármagnstekjuskattur	-1.074
Fjármagnsliðir alls	4.302

Hagnaður/Tap	229.758
--------------	---------

Efnahagsreikningur 31.12.2011

Eignir	
Bankainnistæður	3.379.556
Afrekssjóður	5.360.375
Eignir alls	8.739.931

Skuldir	
Ógreitt til aðildarféлага	1.204.502
Ógreiddir reikningar	50.000
Skuldir alls	1.254.502

Skuldir og eigið fé 31.12. 2011	7.485.429
---------------------------------	-----------

Ársreikningur Styrktar- og afrekssjóðs USÚ 2011

Rekstrartekjur	
Lottó frá síðari hluta árs 2010	20.145
Rekstrartekjur alls	20.145

Rekstrargjöld	
Styrkir	230.000
Rekstrargjöld alls	230.000

Hagnaður/Tap fyrir fjármagnsliði	-209.855
----------------------------------	----------

Fjármagnsliðir	
Vaxtatekjur	143.731
Fjármagnstekjuskattur	-28.746
Fjármagnsliðir alls	114.985

Hagnaður/Tap	-94.870
--------------	---------

Efnahagsreikningur 31.12.2011

Eignir	
Afrekssjóður	5.360.375
Eignir alls	5.360.375

Sigurður Óskar Jónsson

Sigurður Óskar Jónsson, gjaldkeri USÚ

Inga K. Sveinbjörnsdóttir

Inga K. Sveinbjörnsdóttir, skoðunarm.

Halldóra K. Guðmundsdóttir

Halldóra K. Guðmundsdóttir, skoðunarm.

Reglur um skiptingu lottótekna innan USÚ

USÚ 20%

Það sem eftir stendur skiptist á milli félaga í þessum hlutföllum:

Ungmennafélagið Sindri	58%
Ungmennafélagið Máni	9%
Golfklúbbur Hornafjarðar	9%
Hestamannafélagið Hornfirðingur	9%
Ungmennafélag Öræfa	5%
Skotfélag Austur-Skaftafellssýslu	5%
Akstursíþróttafélag Austur-Skaftafellssýslu	5%

Lottópeningar eru greiddir út tvisvar á ári.

Kynning á tillögu að skiptingu arðs af Unglingalandsmóttinu 2013 (til umræðu)

USÚ – 30%, félög sem koma að mótshaldi 50%, 20% í styrktar- og afrekssjóð. Sérgreinastjórar halda síðan utan um nafn sjálfboðaliða, félag, deild og fjölda vinnustunda. Unglingalandsmótsnefnd telur einnig sína tíma. Er þá meiri hvati til að sjálfboðaliðar séu í fjáröflunarstarfi fyrir sitt félag og að vinnan skili félaginu einhverju.

Styrktar- og afrekssjóður USÚ

1. grein

Sjóðurinn skal heita Styrktar- og afrekssjóður USÚ.

2. grein

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hornfirska afreksmenn sem eru í aðildarfélögum USÚ til æfinga og keppni. Einnig til verkefna sem auðga og efla ungmenna- og íþróttastarf á sambandssvæðinu.

3. grein

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, 3 úr stjórn USÚ ásamt 2 fulltrúum aðildarfélaga sem ekki eiga stjórnarmenn. Þeir skulu valdir á þingi USÚ. Stjórnin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi og heldur sérstaka gerðarbók.

4. grein

Tekjur sjóðsins verða ákveðið hlutfall af lottótekjum USÚ, skv. Reglugerð hverju sinni. Auk þess sem frjáls framlög sem sjóðnum berast.

5. grein

Að jafnaði skal ekki veita meira fé úr sjóðnum en sem nemur ávöxtun hans á hverju ári.

6. grein

Heimilt er að veita úr sjóðnum þegar umsóknir berast. Sjóðsstjórn ákveður styrkuppþæð hverju sinni.

7. grein

Til þess að hljóta styrk þarf að senda inn skriflega umsókn til stjórnar USÚ, Hafnarbraut 25.

8. grein

Sjóðsstjórn skal á hverju ársþingi USÚ gera grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum.

9. grein

Endurskoðendur USÚ eru jafnframt endurskoðendur reikninga sjóðsins.

10. grein

Funda skal eins fljótt og auðið er eftir að umsókn hefur borist. Formaður sjóðsstjórnar skal boða til fundarins. Öllum umsóknum skal svarað skriflega.

11. grein

Breytingar á reglugerð þessari er hægt að gera á ársþingi USÚ að fengnu samþykki meirihluta atkvæða.

Lagabreytingartillögur:

Lög Styrktar- og afrekssjóðs USÚ

6.grein

Heimilt er að veita úr sjóðnum þegar umsóknir berast. Sjóðsstjórn ákveður styrkupp hæð hverju sinni.

Verði:

Heimilt er að úthluta úr sjóðnum einu sinni á ári. Auglýst skal eftir umsóknum með eins mánaðar fyrirvara. Sjóðsstjórn ákveður styrkupp hæð hverju sinni.

9.grein

Endurskoðendur USÚ eru jafnframt endurskoðendur reikninga sjóðsins.

Verði:

Skoðunarmenn reikninga USÚ eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

10.grein

Funda skal eins fljótt og auðið er eftir að umsókn hefur borist. Formaður sjóðsstjórnar skal boða til fundarins. Öllum umsóknum skal svarað skriflega.

Verði:

Funda skal einu sinni á ári eftir að umsóknarfrestur rennur út. Formaður sjóðsstjórnar skal boða til fundarins. Öllum umsóknum skal svarað skriflega.